

263. fundur Skólanefndar FS

19. ágúst 2004



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og Gústav A. B. Sigurbjörnsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fjárheimildir 2004 – Innritun í dagskóla á haustönn.
 2. Staða öldungadeildar og kennsla nemenda 10. bekkjar.
 3. Kennararáðningar.
 4. Nýbygging og breytingar á húsnæði.
 5. Skólaakstur.
 6. Önnur mál.

1. Fjárheimildir 2004 – Innritun í dagskóla á haustönn.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi fjárveitingar til skólans. Núverandi fjárveiting upp á 808 nemendaígildi nægir fyrir þeim fjölda nemenda sem hafa sótt um í dagskóla sem eru um 890.

2. Staða öldungadeildar og kennsla nemenda 10. bekkjar.

Skólameistari sagði frá því að fjárveitingar til skólans duga ekki til að halda uppi kennslu í öldungadeild og fyrir nemendur 10. bekkjar grunnskóla. Skólanefndarmenn lýstu áhyggjum sínum af stöðu mála og töldu ekki rétt að hætta við þessa kennslu fyrr en fullreynt er hvort ekki fáið fjárveitingar til hennar.

3. Kennararáðningar.

Skólameistari sagði frá kennararáðningum og breytingum á stjórnun skólans. Átta nýir kennarar koma til starfa, þrír snúa aftur eftir ársleyfi og tveir fara í leyfi í vetur. Ása Einarsdóttir, Oddný Harðardóttir og Sara Harðardóttir koma úr leyfi en Elísabet Karlsdóttir og Guðbjörg Jónsdóttir verða í leyfi í vetur. Nýir kennarar eru Anna Karlsdóttir Taylor, Fannar Jónsson, Guðlaug Emma Halldórsdóttir, Guðrún Rína Þorsteinsdóttir, Hanna María Kristjánsdóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir og Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir.


5. Skólaakstur.

Skólameistari sagði frá því að skólaaksturinn var mjög lítið nýttur síðasta vetur og var töluverður halli vegna samningsins. Honum hefur verið sagt upp og er verið að skoða framhaldið í samvinnu við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

6. Önnur mál.

- a) Skólameistari rædd um starf nemendafélagsins og sagðist binda vonir við nýja stjórn og starfsemi félagsins í vetur.
- b) Ákveðið að næsti fundur verði miðvikudaginn 25. ágúst til að ræða stöðu öldungadeildar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari